

Föstudaginn 1. júní 1984.

Nr. 88/1982.

**Ríkissaksóknari og
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**

(Gunnlaugur Claessen hrl.)

gegn

Pálinu Magnúsdóttur

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Handtaka. Skaðabætur. Valdmörk stjórnvalda.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Magnús Thoroddsen og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 13. apríl 1982. Þeir krefjast aðallega sýknu af kröfum stefndu í málinu og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði látinn falla niður.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Reglugerð nr. 128 frá 19. október 1954 um útgáfu og notkun vegabréfa á varnarsvæðum á Keflavíkurflugvelli var sett af utanríkisráðherra með skírskotun til heimildar í lögum nr. 10/1942 um notkun vegabréfa innanlands, sem voru almenn lög um málefni, er dómsmálaráðherra fór með að öllu leyti, uns lög nr. 106 frá 17. desember 1954 um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o.fl. tóku gildi. En hvað sem líður gildi reglugerðar þessarar í öndverðu, hafði hún ekki lagastöð, eftir að áðurgreind lög nr. 10/1942 voru afnumin með lögum nr. 25/1965 um útgáfu og notkun nafnskirteina. Verður ekki litið svo á, að eftir afnám laganna hafi reglugerð þessi sótt lagastöð að því er tók til flugvalla almennt eða til Keflavíkurflugvallar sérstaklega, til þeirrar heimildar, sem flugmálaráðherra hefur samkvæmt 4. gr. laga nr. 119/1950 um stjórn flugmála og 77. gr. laga nr. 34/1964 um loftferðir, til að setja reglur um aðgang að flugvöllum og umferð um þá og eigi heldur til nefndra laga nr. 25/1965 eða laga nr. 18/1953 um íslensk vegabréf. Samkvæmt þessu

brast skilyrði til þess, að lögreglumenn færðu stefndu á lögreglustöð vegna þess, að hún gat ekki framvísað svonefndu gestavegabréfi. Ber að staðfesta úrlausn héraðsdóms um, að stefnda eigi rétt til fébóta samkvæmt 151. gr. laga nr. 74/1974 af þeirri ástæðu.

Fyrir Hæstarétti eru engar athugasemdir gerðar við fjárhæð skaðabótakröfu stefndu eða um upphafstíma vaxtakröfunnar. Verður héraðsdómur samkvæmt þessu staðfestur.

Allur gjafsóknarkostnaður stefndu fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, sbr. 154. gr. laga nr. 74/1974, þar með talin laun talsmanns hennar, 10.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur gjafsóknarkostnaður stefndu, Pálinu Magnúsdóttur, fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns hennar, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmans, 10.000.00 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. mars 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 25. febrúar sl., hefur Pálinu Magnúsdóttir, Hjaltabakka 30, Reykjavík, höfðað með stefnu, framlagðri í dóm 6. október 1981, á hendur fjármálaráðherra og ríkissaksóknara f.h. ríkissjóðs til greiðslu á bótum að fjárhæð kr. 15.000.00 með 16% ársvöxtum frá 1.12. 1977 til 21.2. 1978, en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 31.5. 1979, en með 22% vöxtum frá þeim degi til 31.8. 1979, en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 30.11. 1979, en með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 31.5. 1980, en með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 31.5. 1981, en með 34% ársvöxtum frá þeim degi til 6.10. 1981, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnaði samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í., eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, sbr. 3. tl. 154. gr. l. 74/1974.

Af hálfu stefndu hefur verið sótt þing og þær kröfur gerðar, að þeir verði að fullu sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim dæmdur málskostnaður að mati réttarins. Til vara er þess krafist, að stefnuþjárhæðin verði lækkuð til mikilla muna og málskostnaður þá látinn niður falla.

Sátt hefur verið reynd fyrir dóminum án árangurs.

Málsatvik eru þau, að laugardaginn 12. nóvember árið 1977, um kl. 20:00 að sögn stefnanda, en laust fyrir kl. 22:00 skv. bókum lögreglunnar á Kefla-

víkurflugvelli var stefnandi í svokölluðum „CPO Club“ á Keflavíkurflugvelli. Hún hafði fyrr um daginn verið við vinnu sína á Keflavíkurflugvelli, en verið boðið í klúbbinn eftir vinnu. Stefnandi hringdi úr klúbbnum í leigubifreið og kom bifreiðin Ö-44. Ökumaður hennar var Halldór Alfreðsson. Stefnandi fór út kápulaus að tala við ökumanninn. Segist hún hafa ætlað að biðja hann að kalla upp annan bifreiðarstjóra og biðja hann síðan að aka bifreið hennar, sem var við vinnustað, að Baugsholti 7 í Keflavík. Ástæða þessa var sú, að stefnandi hafði bragðað áfengi. Þegar stefnandi var að tala við leigubifreiðarstjóran, bar að tvo lögreglumenn, og báðu þeir stefnanda um passa. Hún sýndi þeim starfsmannapassa sinn, sem útgefinn var af lögreglustjóranum á Keflavíkurflugvelli þann 5. maí 1977, en passi þessi gildir í tvö ár. Lögreglan bað þá stefnanda um gestapassa, en slíkan passa hafði hún ekki. Þegar stefnandi hafði ekki svokallaðan gestapassa, kröfðust lögreglumennirnir þess, að hún kæmi með þeim á lögreglustöðina á Keflavíkurflugvelli. Stefnandi kveðst hafa óskað skýringa en engar fengið. Hún hafi síðan verið handtekin með svo miklum harðræðum, að hún hafi brákast á þumalfingri hægrihandar og marist á báðum handleggjum. Leigubifreiðastjórinn á Ö-44 hafi bent lögreglunni á að fara varlega með stefnanda, þar sem hún gengi ekki heil til skógar, því hún hafi átt við sjúkdóma að stríða. Stefnandi heldur því fram, að þetta hafi engin áhrif haft á lögregluna. Hún var síðan færð á lögreglustöðina. Hún segir, að þar hafi engar sakagiftir verið bornar á hendur sér og engin skýrsla verið af henni tekin. Á það hefði þó verið minnst, að hún hefði ekki svonefndan gestapassa. Henni hefði síðan verið haldið á lögreglustöðinni í eina til tvær klukkustundir frá handtöku, en þá látin laus án skýringa. Hótað hafi verið að setja hana á gæslu, en sú hótun hafi einnig verið án skýringa.

Stefnandi kveðst reisa kröfur sínar á því, að lögmælt skilyrði til handtöku hennar þann 12. nóvember 1977 hafi ekki verið fyrir hendi. Þar að auki hafi lögregluþjónarnir, sem stóðu að þessari handtöku, beitt hana verulegu harðræði, sem hafi leitt til þess, að hún varð fyrir líkamstjóni. Í 61. gr. laga 74/1974 um meðferð opinberra mála séu talin upp almenn skilyrði, sem fullnægja þurfi, svo lögreglumönnum sé heimilt og stundum skylt að handtaka mann. Lögregluþjónarnir hafi krafið stefnanda um vegabréf, en skv. reglugerð nr. 28/1954, sbr. breytingu á þeirri reglugerð nr. 193/1959, sé öðrum en þeim, sem hafi vegabréf, útgefið af lögreglustjóranum á Keflavíkurflugvelli, óheimil umferð um lögsagnarumdæmið. Stefnandi hafi afhent lögregluþjónunum umsvifalaust vegabréf sitt, svo sem henni hafi verið skylt. Þar sem vegabréf hennar hafi verið í gildi og hún starfandi í lögsagnarumdæminu, hafi hún haft heimild, sbr. 1. gr. reglugerðar 128/1954, til að dveljast þar. Þar af leiðandi hafi hún hvorki verið staðin að refsiverðri hegðun, sem sæti opinberri ákæru, né öðru því, sem heimilað gæti lögreglu-

þjónunum tveimur að handtaka hana. Í stað þess að sætta sig við framvísun hennar á vegabréfinu hafi lögregluþjónarnir krafist gestapassa, en hann muni vera gefinn út fyrir þá, sem ekki hafi vegabréf, þegar sérstaklega standi á, slíkt gestavegabréf sé aðeins gefið út til skammrar dvalar. Hún hafi að sjálfsögðu ekki haft gestavegabréf, enda hafi hún þegar framvísað vegabréfi, sem veitti henni heimild til dvalar á Keflavíkurflugvelli. Lögregluþjónarnir hafi þá handtekið hana og beitt hana slíku harðræði, að þumalfingur hægri handar skaddaðist, er bein flísaðist upp úr honum, auk þess sem hún hafi marist víða og bólгнаð. Með því að handtaka hana og veita henni áverka hafi lögregluþjónarnir brotið gegn lögum nr. 74/1974 og sé ríkissjóður þannig bótaskyldur skv. 151. gr., sbr. 150. gr. sömu laga. Ennfremur beri að vísa til 152. gr., 3. mgr. þar sem stefnandi hafi orðið fyrir líkamstjóni við frelsisskerðinguna. Þótt sú grein eigi í raun aðeins við gæsluvarðhaldsvist, verði að taka mið af sömu sjónarmiðum og þar komi fram, þegar meta eigi fjárhæð bóta til stefnanda. Harkaleg aðgerð lögreglunnar hafi í þessu tilviki farið langt út fyrir eðlilega og leyfilega starfshætti hennar, og þar sem hún varð fyrir líkamstjóni, bendi framangreind atriði til þess, að ekki eigi að skerða fjárhæð bóta. Þá er því sérstaklega mótmælt af hálfu stefnanda, að hún hafi misnotað vegabréf sitt, og einnig að hún hafi verið greinilega ölvuð, sitt sé hvað að neyta áfengis og vera ölvuð.

Af hálfu stefndu er á því byggt í málinu, að skv. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 128/1954 um útgáfu og notkun vegabréfs á varnarsvæðum á Keflavíkurflugvelli sé öllum mönnum, konum og körlum 12 ára og eldri, óheimil umferð eða dvöl á varnarsvæðunum, nema þeir hafi til þess vegabréf, sem lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli gefur út. Í 2. gr. sé nánar mælt fyrir um slíka vegabréfaútgáfu lögreglustjóra. Þar sé honum m.a. heimilað að gefa út vegabréf til starfsmanna varnarliðsins. Slíkt vegabréf hafi stefnandi haft, en hún hafi starfað hjá Innkaupadeild varnarliðsins. Vegabréf hennar hafi verið útgefið 5. maí 1977 og gildi til jafnlengdar ársins 1979. Því er haldið fram, að næsta eðlilegt sé að skýra ákvæði reglugerðarinnar um starfsmannabréf svo, að þau gildi einungis á vinnutíma og eðlilegri leið starfsmannsins til og frá vinnu sinni á varnarsvæðunum. Þannig hafi þessi ákvæði jafnan verið framkvæmd frá gildistöku reglugerðarinnar. Starfsmannavegabréf hafi aldrei verið talin fela í sér heimild fyrir starfsmenn til umferðar eða dvalar á varnarsvæðunum utan venjulegs vinnutíma nema til komu og brottfarar. Skv. 6. og 7. gr. megi lögreglustjóri hins vegar veita undanþágu frá ákvæðum reglugerðarinnar um dvalarleyfi á varnarsvæðunum, þegar sérstaklega standi á og þá aðeins til stuttra dvalar. Þegar slíkar undanþágur séu veittar, skuli lögreglustjóri gefa út sérstakt gestavegabréf. Á slíkum vegabréfum þurfi m.a. þeir að halda, er þyggi boð varnarliðsmanna um dvöl á veitingastöðum varnarliðsins, eins og stefnandi máls

þessa hafi gert. Þar sem stefnandi hafi hvorki haft svonefnt gestavegabréf né aðrar heimildir til dvalar á varnarsvæðinu mörgum klukkustundum eftir að vinnu hennar hjá varnarliðinu lauk, hafi lögreglumönnum verið bæði rétt og skylt að vísa henni burtu. Þeim hafi ennfremur verið rétt að fjarlægja hana sjálfir og beita til þess valdi, þar sem hún vildi ekki hlíta boðum þeirra umyrðalaust og fara sjálfviljug með þeim hætti, er þeir mæltu fyrir um. Stefnandi hafi hins vegar veitt lögreglumönnum ákafa mótspyrnu, enda hafi hún verið í miklum hugaræsingi og nokkuð ölvuð. Það verði með engu móti séð, að lögreglumennirnir hafi beitt hana meira harðræði en brýn nauðsyn bar á og hún sjálf gaf þeim tilefni til. Þvert á móti hafi þeir reynt að fara eins mjúkum höndum um hana og kostur var, enda hafi þeim báðum verið kunnugt um sjúkleika hennar eftir varnaðarorð leigubifreiðarstjórans. Stefndu halda því fram, að 61. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála standi því ekki í vegi, að lögreglumennirnir hafi mátt gripa til þeirra aðgerða gagnvart stefnanda, sem þeir gerðu. Í fyrsta lagi hafi með brottvísun hennar af varnarsvæðinu engan veginn verið stefnt að handtöku hennar í skilningi laganna um meðferð opinberra mála, heldur hafi lögregluþjónarnir einungis verið að framfylgja þeirri réttarskipan, sem eigi rætur að rekja til laga 110/1951 um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liða Bandaríkjanna og eignir þess. Þá er því haldið fram, að á lögreglustöðinni hafi hún verið færð fyrir varðstjóra og henni gerð grein fyrir því, að vista yrði hana í fangaklefa, féllist hún ekki á að fara út af varnarsvæðinu, en hún hefði áður neitað því. Í öðru lagi halda stefndu því fram, að með heimildarlausri dvöl sinni á varnarsvæðunum hafi stefnandi gerst brotleg við ákvæði reglugerðar nr. 128/1954, en brot gegn henni varði sektum, sbr. 9. gr. Reglugerðin sé sett skv. lögum nr. 10/1942 um notkun vegabréfa innanlands, sbr. nú lög nr. 25/1965 um útgáfu og notkun nafnskirteina og lög nr. 18/1953 um íslensk vegabréf, en með brot gegn þeim lögum skuli fara að hætti opinberra mála. Það sé því ótvírætt, að þessar aðgerðir lögreglunnar gagnvart stefnanda brjóti hvorki í bága við 61. gr. laga nr. 74/1974 né aðrar réttarreglur um starfskyldu lögreglumanna og takmörk löggæslu. Því er þannig skv. framansögðu algjörlega vísað á bug af hálfu stefndu, að lögmælt skilyrði hafi brostið til aðgerða lögreglunnar gagnvart stefnanda á Keflavíkurflugelli 12. nóvember 1977. Hún eigi því ekki nokkurn minnsta rétt til bóta úr ríkissjóði skv. 151. gr. laga nr. 74/1974 né öðrum ákvæðum 18. kafla laganna. Þá er því haldið fram af hálfu stefndu, að verði ekki á sýknukröfur þeirra fallist, þá verði stefnufjárhæðin lækkuð til mikilla muna og málskostnaður látinn niður falla. Rök stefndu fyrir því eru, að hér sé eingöngu um miska-bótakröfu að ræða, þar sem stefnandi krefjist hvorki bóta vegna beinna

fjárútláta né tekjumissis. Kröfufjárhæðin sé þannig allt of há og ekki í nokkru samræmi við dómvenjur.

Álit dómsins.

Stefndu bera fyrir sig, að aðgerðir lögreglu gegn stefnanda hafi byggst á reglugerð nr. 128/1954 um útgáfu og notkun vegabréfa á varnarsvæðum á Keflavíkflugvelli, sbr. og reglug. nr. 193/1959 um breytingu á þeirri reglugerð. Reglugerð þessi og breyting hennar er sett með heimild í l. nr. 10/1942 um notkun vegabréfa innanlands. Lög þessi eru nú fyrir löngu afnumin, og var það gert með lögum nr. 25/1965 um útgáfu og notkun nafnskirteina. Þau lög láta ómælt um gildi reglugerða, sem settar voru með heimild í l. nr. 10/1942. Lög nr. 25/1965 eru almenn lög um útgáfu og notkun nafnskirteina og vísa í 2. gr., til þess að með nafnskirteini megi sanna aldur sinn og deili á sér að öðru leyti, þegar svo er ákveðið í lögum, reglugerðum, lögreglusamþykkt eða eftir því sem henta þykir í skiptum manna á milli og á opinberum vettvangi. Lögin segja hins vegar ekkert um útgáfu sérstakra vegabréfa, sem heimila umferð um ákveðin landsvæði og ákveða viðurlög, ef útaf er brugðið, enda er í greinargerð með lögnum gert ráð fyrir, að ákveði um hagnýtingu nafnskirteina á einstökum sviðum verði í sérstökum lögum, reglugerðum og lögreglusamþykktum. Þegar hér greind atriði eru virt, verður ekki séð, að reglugerð nr. 128/1954 með áorðnum breytingum hafi stöð í l. nr. 25/1965. Önnur lög hafa heldur ekki að geyma heimildir fyrir þessari reglugerð. Telja verður því, að hún hafi ekki lengur lagastöð og sé þannig niður fallin. Lögreglumennirnir gátu þannig ekki stuðst við reglugerð þessa varðandi aðgerðir sínar gegn stefnanda laugardaginn 12. nóvember 1977, og stefndu hafa heldur ekki sýnt fram á önnur atriði, sem helgað gátu handtöku stefnanda. Þá voru aðgerðir lögreglunnar ekki í nokkru samræmi við tilefnið, svo sem sjá má af læknisvottorði, dómskj. 20. Stefnandi kærði lögreglumennina til ríkissaksóknara innan 6 mánaða frá handtöku hennar og gerði áskilnað um bætur. Ósannað er, að hún hafi vitað um niðurfellingu rannsóknar þeirrar kæru 6 mánuðum fyrir höfðun máls þessa, enda mótmæla stefndu ekki kröfum hennar á grundvelli 157. gr. l. nr. 74/1974.

Af ofangreindum sjónarmiðum athuguðum ber að dæma stefnanda bætur úr ríkissjóði samkv. 151. gr., sbr. 154. gr. laga nr. 74/1974. Þykja bæturnar hæfilega ákveðnar í samræmi við málavexti kr. 5.000.- með vöxtum eins og greinir í kröfugerð stefnanda.

Stefndu ber skv. 3. tl. 54. gr. l. 74/1974 að greiða allan kostnað við málshöfðun stefnanda, þar með talið kr. 4.000.- í málflutningslaun til talsmanns stefnanda.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, fjármálaráðherra og ríkissaksóknari f.h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Pálinu Magnúsdóttur, kr. 5.000.- með 16% ársvöxtum frá 1.12. 1977 til 21.02. 1978, en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 31.05. 1979, en með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 31.08. 1979, en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 30.11. 1979, en með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 31.05. 1980, en með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 31.05. 1981, en með 34% ársvöxtum frá þeim degi til 06.10. 1981, en með dómvöxtum, sbr. l. nr. 56/1979, frá þeim degi til greiðsludags.

Allur gjafsóknarkostnaður fyrir bæjarþingi Reykjavíkur greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns stefnanda, Ragnars Aðalsteinssonar, kr. 4.000.-. Dómur þessi er aðfararhæfur að liðnum 15 dögum frá birtingu hans lögum samkvæmt.

Föstudaginn 1 júní 1984.

Nr. 102/1984. **Ákærvaldið**

gegn

Miroslav Peter Baly

Kærumál. Farbann.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 172. gr. laga nr. 74/1974 með kæru 24. maí 1984, og barst hún Hæstarétti 25. s.m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og sér dæmdur kærumálskostnaður úr ríkissjóði.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Fallast ber á þá úrlausn héraðsdómara, að nauðsyn beri til að kveða svo á, sbr. l. mgr. 72. gr. laga nr. 74/1974 og með hliðsjón af þeim lagasjónarmiðum, er liggja til grundvallar 3. tl. 1. mgr. 67. gr. sömu laga, að varnaraðila verði meinud för úr landi, uns dómur Hæstaréttar í máli ákærvaldsins gegn honum, sem dæmt var í